

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna Suðurnesjalínu 1.

Skipulagsstofnun staðfesti 26. nóvember 2024 óverulega breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 sem samþykkt var í bæjarstjórn 25. október 2023.

Með breytingunni eru leiðrétt ákvæði óverulegrar aðalskipulagsbreytingar vegna Suðurnesjalínu 1, sem tók gildi 12. desember 2023. Breytingin gerir ráð fyrir að Suðurnesjalína 1 verði lögð í jörð á um 2 km kafla frá tengivirki í Hamranesi til vesturs og samhliða verður gert ráð fyrir að núverandi loftlína verði færð lítillega til að tenging í nýtt strengendamastur sé möguleg. Við gildistöku þessarar breytingar fellur úr gildi óveruleg breyting á aðalskipulagi vegna Suðurnesjalínu 1 sem tók gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda 12. desember 2023, nr. 1359/2023.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 26. nóvember 2024.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 10. desember 2024